

Alþingi
Erindi nr. P 130/1050
komudagur 23.2.2004

**Nefndarálit um frumvarp til laga um breytingu á
áfengislögum, nr. 75/1998.**

Frá Mána Atlasyni, 22. febrúar 2004.

Mér var falið að senda Alþingi umsögn um frumvarp til áfengis laga fyrir hönd Nemendafélags Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi (NFFA). Það er skemmst frá því að segja að ég er einfaldlega á móti lækkun áfengiskaupaaldurs. Ég skal samt reyna að svara þeim rökum sem talin eru upp með frumvarpinu.

Rök með lækkun áfengiskaupaaldurs sem sett eru fram í skýrslu dómsmálaráðherra sem lögð var fyrir Alþingi á 125. löggjafarþingi:

1. Lækkun áfengiskaupaaldurs samræmist sjálfræðisaldri og öðrum þeim helstu persónuréttindum sem menn öðlast við 18 ára aldur.

Er það virkilega svo mikilvægt að menn fái öll sín réttindi upp í hendurnar 18 ára? Þarf endilega að vera að samræma þetta allt saman? Ég get ekki séð að það sé neitt betra að hafa það svoleiðis heldur en að unglingar öðlist réttindi sín smám saman, ein og ein réttindi í einu. Ef allt á að miðast við 18 ára aldur, þá þyrfti líka að láta fólk fá bílprófið 18 ára, kvikmyndir ættu ekki að vera bannaðar innan 16 ára aldurs heldur 18 ára o.s.fr. Ef á annað borð á að fara að samræma „sjálfræðisaldur og önnur helstu persónuréttindi“ þá þýðir ekkert að samræma bara sum réttindi, annað hvort eru þau samræmd eða ekki samræmd.

2. Með lækkun áfengiskaupaaldurs væri verið aðbreyta lögum sem meiri hluti ungmenna fer ekki eftir og ekki hefur verið framfylgt.

Það væru talsvert betri vinnubrögð þegar svona rök eru sett fram að vísa í einhverja rannsókn með marktæku úrtaki. Svona fullyrðingar um „meirihluta ungmenna“ o.s.fr. eru vafasamar. Hvernig væri t.d. að kanna hvort meirihluti ungmenna brýtur þessi lög, kanna svo fylgni milli ýmis konar félagslegra vandamála, geðsjúkdóma, einkunna í skóla o.s.fr. og áfengisneyslu? Það væri talsvert meira vit í því. Þetta er, án tilvísunar í rannsóknir sem gerðar eru samkvæmt viðurkenndum aðferðum, marklaus fullyrðing. Það eru léttvæg rök fyrir því að afnema lög að enginn fari eftir þeim. Er ekki nær að reyna að fá fólk til að framfylgja lögnum og reyna að endurskoða refsilöggjöfina eitthvað? Það er ekki alltaf farið eftir öllum lögum, t.d. þeim sem skylda mann til að hafa hjálm ef maður er á reiðhjól. Ætti að fella slík lög úr gildi? Það er enginn skortur á lögum sem eru brotin aftur og aftur, en það er þó oftast ekki talin ástæða til að breyta þeim eða fella þau úr gildi.

3. Lækkun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár, einkum hvað varðar léttvín.

Þetta geta varla talist vera rök, þetta er fullyrðing. Samt er þetta í frumvarpinu talið upp sem rök.

4. Erfitt er að framfylgja 20 ára áfengiskaupaaldri þegar ungmennum yngri en 20 ára er heimilaður aðgangur að vínveitingastöðum.

Það er erfitt að framfylgja lögnum þegar er svona „ósamræmi“ í þeim, að það sé ekki sama aldurstakmark á kaupum á áfengi og á inngöngu á vínveitingastaði. Það að það sé erfitt að framfylgja lögum þýðir hins vegar alls ekki að það eigi endilega að gefast upp. Ég tel að Ísland sýni gott fordæmi með því að hafa hærri áfengiskaupaaldur hér en í mörgum öðrum löndum. Það er alls ekki nauðsynlegt að Ísland sé alveg eins og allar aðrar þjóðir, það er þvert á móti mikilvægt að reyna að vera svolítið sérstök. Auk þess má kannski í þessu sambandi benda á að fólk á öllum aldri má versla í söluturnum sem selja tóbak, þó svo að bara þeir sem hafa náð 18 ára aldri megi kaupa tóbak. Verður ekki í samræmi við þessa breytingu á áfengislögum að leyfa öllum að kaupa sigarettur og neftóbak? Eða þá banna þá sem eru yngri en 18 frá sjoppum?

5. Hár áfengiskaupaaldur getur gert áfengi eftirsóknarverðara í augum ungmenna.

Hér vantar að vísa í einhverja rannsókn. Auðvitað getur vel verið að bannið geri það á einhvern hátt eftirsóknarverðara í augum sumra ungmenna að byrja áfengisneyslu snemma. Hins vegar getur líka vel verið að mörg ungmenni vilji leggja sig fram við að vera löghlýðin, og þá virki bannið sem forvörn gegn drykkju þeirra. Auk þess má í þessu sambandi benda á að Þorgrímur Þráinsson, formaður Tóbaksvarnarnefndar ríkisins, vill meina að hækkum aldurs til kaupa á sigarettum hafi hamlað gegn reykingum. En flutningsmenn þessa frumvarps vilja hins vegar meina að lækun aldurs minnki neyslu. Er ekki tvískinnungur að halda því fram að aldurstakmark áfengiskaupa virki þveröfugt miðað við aldurstakmark tóbaksskaupa?

6. Takmarkað aðgengi og hátt verðlag áfengis getur stuðlað að neyslu ólöglegra vímuefna.

Þetta eru frekar skrítnin rök. Er með þessu átt við að takmarkað aðgengi áfengis láti krakka byrja í öðrum vímuefnum, af því að það eru til svo margir sem byrja í einhverju öðru en áfengi og tóbaki? Ég veit ekki um marga sem hafa prófað hass eða önnur ólögleg efni án þess að prófa tóbak eða áfengi áður.

7. Sumir foreldrar telja að betra sé að lækka áfengiskaupaaldurinn í 18 ár og standa staðfastlega við hann og finnst erfitt að neita börnum sínum um áfengi eftir 18 ára aldur. Þeir líta jafnframt á börn sín sem fullorðnar manneskjur og finnst erfitt að fylgja lögnum um 20 ára áfengiskaupaaldur.

Sumir foreldrar telja líka kannski að það sé verra að lækka áfengiskaupaaldurinn af ýmsum ástæðum. Þetta er enn ein fullyrðingin sem hefur enga rannsókn bak við sig, heldur er þetta bara eitthvað sem einhverjum finnst vegna þess að svona talar það fólk sem hann umgengst. A.m.k. fylgja engar marktækar könnunarniðurstöður með þessari fullyrðingu. Auk þess held ég að ætti að kanna í þessu tilfelli fylgni milli vilja foreldra til að lækka áfengiskaupaaldurinn og drykkju foreldranna.

Auk þess mætti benda á að upp til sveita landsins hefur það í gegnum árin tíðkast að leyfa börnum, allt niður í 14 ára gömlum, að aka vélknúnum ökutækjum og vinnuvélum. Hins vegar dettur engum í hug að nota það sem rök til að fá bílprófsaldurinn lækkaðan niður í 14 ár.

8. *Með lækun áfengiskaupaaldurs úr 20 árum í 18 ár hvað varðar bjór og léttvín væri verið að reyna að breyta drykkjuvenjum til hins betra. Með breytingu á áfengislöggjöfinni þannig að fólki 18-20 ára væri heimilt að kaupa bjór og léttvín en ekki sterkt áfengi væri verið að reyna að gera áfengisneysluna hættuminni og hafa áhrif á drykkjumynstrið.*

Þarna er væntalega verið að reyna að innleiða „miðevrópskt drykkjumynstur“ í íslenska menningu. Hins vegar verður að taka tillit til þess að í Mið-Evrópu, í löndum eins og Grikklandi, Ítalíu og fleiri löndum sem er væntanlega verið að horfa til þarna hefur einhvers konar drykkjumenning verið til staðar í a.m.k. 5000 ár. Í þessum löndum er alkóhólismi talsvert óalgengari en á Íslandi, vegna þess að alkóhólistagenið hefur væntanlega að einhverju leyti ræktast úr þjóðunum. Það hefur að vísu enn ekki fundist gen sem veldur alkóhólisma, en það hafa fundist vísbendingar um það sem benda afar sterklega til að það sé til. Og hér fyrr á öldum þegar lífsbarátta manna var erfiðari en hún er nú til dags, og fólk þurfti virkilega að hafa fyrir því að draga fram lífið, þá hefur væntanlega verið talsvert erfiðara fyrir virka alkóhólista að koma börnum á legg en það er nú til dags. Þess vegna hefur alkóhólista-geníð að talsverðu leyti ræktast úr þjóðum sem hafa lengi haft drykkjumenningu (alkóhólismi er nefnilega arfgengur geðsjúkdómur).

Í skýrslu dómsmálaráðherra kemur einnig fram að fjöldi ungmenna sem þurfa að leita sér hjálpar til að hætta áfengisneyslu jókst gífurlega á 5 árum, 1996-2001. Þá er það talið fram sem rök fyrir því að lækka áfengiskaupaaldur að það sé skynsamlegt að lækka aldurinn og efla samfara því forvarnir. Hins vegar tel ég að það væri miklu sniðugra að einfaldlega efla forvarnir án þess að vera neitt að lækka aldurinn. Það sjá hins vegar allir að það þarf að lyfta grettistaki í forvörnum gegn áfengi. Það þarf að eiga sér stað mikil viðhorfsbreyting í íslensku þjóðfélagi gagnvart áfengi. Miðað við spár SÁÁ sem byggðar eru á fjölda innlagna á Vog má ætla að u.þ.b. 25% karlmannna lendi í vandræðum vegna áfengisneyslu einhvern tíma á ævinni. Þó svo að þetta séu auðvitað umdeilanlegar tölur og spár þá er það alveg ljóst að allt of stór hluti fólks á Íslandi þarf einhvern tíman á ævinni að leita sér hjálpar vegna áfengisneyslu.

Auk þess verður á hverju ári gífurlegur fjöldi slysa, ofbeldisglæpa og annarra glæpa og stórfelldra vandamála sem eiga rætur sínar að rekja til áfengisneyslu. Ég tel að það mætti spara ríkinu umtalsverðan kostnað við löggæslu og fleira með því að efna forvarnir gegn áfengisneyslu. Það sjá það allir sem búa á annað borð á Íslandi að gífurlega öflugt forvarnarstarf gegn reykingum undanfarin ár hefur skilað sér í því að núna er talsvert verra viðhorf til reykinga í þjóðfélaginu en til drykkju. Reykingaforvarnirnar eru jafn vel farnar að ganga full langt, því að nú t.d. gengur undirskriftarlisti til að reyna að fá það sett í lög að reykingafólki verði bannaður aðgangur að kaffihúsum og veitingastöðum og fleiri stöðum. Svipaðir undirskriftarlistar gengu á sínum tíma í Bandaríkjum Norður-Ameríku til að reyna að fá blökkumenn bannaða frá sömu stöðum, af sömu ástæðum. Það var talin vera vond lykt af þeim og samneyti við þá talið vera heilsuspillandi. Hins vegar dettur engum í hug að maður eigi að geta farið inn á veitingastað án þess að eiga á hættu að einhver fyllibytta byrji að slást þar inni eða eitthvað því um líkt, vegna þess að það vantar einhvern svona áfengisvarnar-Þorgrím Þráinsson í íslenskt samfélag.

Þó svo að hlutverk stjórnvalda á Íslandi og í öðrum lýðræðisríkjum sé auðvitað að framfylgja vilja þjóðarinnar þá er það einnig á einhvern hátt að gera það sem stjórnvöld telja þjóðinni fyrir bestu hverju sinni. Þó svo að það væri auðvitað vinsælt hjá einhverjum hluta þjóðarinnar að lækka áfengiskaupaaldurinn þá verður stjórnin að vege það og meta hvort það geti talist þjóðinni fyrir bestu. Það á að leyfa öllum að gera allt sem þeir vilja á meðan þeir gera öðrum engan skaða. Hins vegar held ég að lækkun áfengiskaupaaldurs og það að efla forvarnir í kjölfarið til að „afsaka” lækkunina sé ekki til bóta fyrir neinn á Íslandi. Hver græðir á því að lækka áfengiskaupaaldurinn? 18 ára krakkarnir sem geta þá byrjað að drekka fyrir og endað fyrir í meðferð? Eða þeir sem þurfa ekki að fara í meðferð og geta þá byrjað fyrir að drekka og gert sitt líf þá skemmtilegra með því? Munu tvö ár til eða frá skipta máli fyrir síðarnefnda hópinn?

Það viðhorf til áfengisneyslu að hún sé á einhvern hátt eftirsóknarverð í sjálfu sér er ekki rétta viðhorfið að mínu viti. Í því upplýsingasamfélagi sem við búum í er hægt að gera sér nógu margt annað sér til skemmtunar annað en að drekka áfengi, og þess vegna ættu stjórnvöld í þessu landi auðvitað að beita sér fyrir því að reyna eftir fremsta megni að minnka drykkju allra í landinu og reyna að efla forvarnir eftir allra fremsta megni. Þetta er bara ósiður sem ber að reyna að sporna gegn eftir fremsta megni. Þess vegna skora ég á stjórnvöld að láta þetta frumvarp ekki ná fram að ganga.

Akranesi, 22.02.2004

Máni Atlason

Kt: 301085-2149

Vallholt 19